



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Svandís Svavarsdóttir, Umhverfissráðherra
Skuggasundi 1
Reykjavík

Vardar vetrarveiði á gæsum og sölu á villibráð

Umhverfissráðherra Svandís Svavarsdóttir

Undanfarin ár hefur borið talsvert á því að grágæsir hafi vetursetu hér á landi sérstaklega á Suðurlandi en einnig eitthvað í öðrum landshlutum. Þessir nýju hættir eru ef til vill samfara hlýnandi veðráttu og aukinni kornrækt. Grágæsirnar voru til skamms tíma eingöngu farfuglar, fyrir utan stofn sem kenndur er við Reykjavíkurtjörn og dvelur á Innnesjum og Suðurnesjum á vetrum.

Núverandi veiðitími miðar við að gæsirnar færu allar af landi brott á haustin en honum lýkur, eins og andaveiðitímanum, 15. mars. Það er skoðun stjórnar Fuglaverndar að í ljósi breyttra háttá gæsanna þurfi að endurskoða þennan veiðitíma. Friða þarf vetrargæsirnar en mikið er herjað á þær jafnvel af magnveiðimönnum sem veiða gæsir til sölu. Við leggjum til að gæsaveiðum verði hætt 1. nóvember.

Jafnframt vildum ítreka beiðni okkar til umhverfissráðherra að beita sér fyrir sölubanni á villigæsum, en sú umræða hefur marg oft komið upp í umræðunni um blesgæsina og að mati Fuglaverndar eina leiðin til að friðun blesgæsarinnar skili tilætluðum árangri.

Reykjavík 8. febrúar 2010
F.h. Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri